

Nr. 034 / 10 Helga María AK 16**Skipverji slasast í lest**

Skipaskr.nr. 1868
Smíðaður: Noregi 1988, stál
Stærð: 883 brl. 1470 bt.
Mesta lengd: 56,86 m Skráð lengd: 54,4 m
Breidd: 12,6 m Dýpt: 7,7 m
Vél: Wärtsilä 2200 kW, 1988
Fjöldi skipverja: 27

Gögn:
Gögn RNS



Helga María©Hilmar Snorrason

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 11. október 2010 af Inga Tryggvasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 16. nóvember 2009 var Helga María AK 16 á togveiðum á Halamiðum. Veður: NA 18 m/sek. Ölduhæð 4-6 m.

Skipverji var að vinna á vinnsluþilfari við að taka frystipönnur úr frystitæki þegar skipið tók mikla og snögga bakborðsveltu með þeim afleiðingum að pönnur runnu úr tækinu á hann. Pönnurnar lentu bæði á baki og mjöðm skipverjans svo hann marðist verulega og tognaði illa.

Við rannsókn kom fram:

- að plötufrystarnir standa í tveimur röðum langs fram eftir vinnsluþilfarinu og ná fram undir afturþil íbúðarýmis. Fjórtán hillur eru í hverju tæki og tekur hver hilla fjórar pönnur. Hleðsluvagnarnir eru á sporum á milli þeirra fram að þilinu í um 90 sm fjarlægð frá tækjaröðinni. Tvær pönnustæður komast á hvern vagn og er pönnunum rennt inn á brautir á milli stoða og er þeim lokað með lágrí brík til endana. Tveir vagnar taka við öllum pönnum úr einu tæki. Framan við fremstu tækin og vagnana er rými en þar var áður færiband og hægt að leita skjóls;



Plötutæki og vagnar

- að verið var að taka úr fremsta frystitækinu og búið að taka úr efstu tveimur hillunum. Við verkið störfuðu tveir skipverjar og stóðu þeir í ganginum á milli hleðsluvagnanna og tækisins. Sá sem aftar stóð var þétt við tækið og náði að forða sér þegar pönnurnar fóru af stað. Pönnurnar lentu á þeim sem stóð frammar en þær runnu út úr annarri og þriðju röð frystitækisins. Félagi slasaða sagðist hafa gripið pönnur sem annars hefðu lent á höfði hans;
- að áður en tekið er úr tækinu er frysting tekin af því en hægt er að þíða hillurnar með því að opna fyrir heitt gas inn í þær. Þegar tækið er opnað er efstu hillunni lyft með tjökkunum og gengur hillubúntið í heild sinni upp og opnast því fyrst efsta hillan og svo koll af kolli eftir því sem tjakkurinn lyftir hillunum ofar;
- að ekkert stoppar pönnurnar við að renna út eftir að pressan hefur verið tekin af og tækið opnað en þegar hillur tækisins eru þiðnaðar eru þær stamari en á meðan frost er á þeim;
- að hver þanna er um 30 kg en frystarnir eru 14 hillur og tekur hver þeirra fjórar pönnur;
- að hægt er að takmarka opnun tækisins nánast eftir þörfum en þá þarf jafnvel að lyfta meira undir pönnurnar inn í efstu stoð vagnsins. Slasaði sagði að takmörkuð opnun væri ekki notuð. Skipstjóri og stýrimaður sögðu hins vegar að takmörkuð opnun væri notuð í vondum veðrum.



Takmörkuð opnun tækis. Efstu þrjár hillurnar opnar og pönnur lausar en aðrar pönnur neðar í tækinu pressaðar fastar.

Nefndarálit:

Nefndin telur orsök slyssins vera þá að frystitækið hafi verið full opnað og ekki var búið að þíða hillurnar þegar skipið tók veltuna. Skipverjarnir áttu að sýna meiri gætni í samræmi við veðurlag.